

## Um Liliam Moro

Ljóðskáldið og listamaðurinn, Liliam Moro, fæddist í Havana á Kúbu árið 1946. Hún stundaði nám í bókmenntum og kennslufræði við Havana háskóla og vann til sinna fyrstu bókmenntaverðlauna fyrir ljóðasafnið Útlendingurinn (sp. *El extranjero*) árið 1965. Moro vann sem móðurmálskennari í Havana til ársins 1970 að hún fluttist til Spánar. Þar bjó hún í fjörutíu ár og helgaði sig ritstjórnarstörfum og ljóðlist, auk þess að geta sér gott orð sem grafíklistamaður. Um aldamótin 2000 fluttist hún til Miami í Bandaríkjunum þar sem hún býr enn.

Útgefin ljóðasöfn Moro eru fjölmörg en Ásjóna stríðsins (sp. *La cara de la guerra*, 1972), Ljóð frá 42 (sp. *Poemas del 42*, 1989) og Minnisbók frá Havana (sp. *Cuaderno de la Habana*, 2005), auk safnrítanna Næstum tæmandi ljóðasafn (sp. *Obra poética casi completa*, 1963-2013), frá 2013, og Frelsunartafla (sp. *Tabla de salvación*, 2006-2013), frá 2014, hafa vakið hvað mesta athygli. Í mars síðastliðnum kom svo út yfirlitsritið Þögnin og heftin (sp. *El silencio y la furia*). Um verkið hefur ritstjóri þess, Luis de la Paz, látið eftir sér hafa að ljóð Moro „hafi þann eiginleika að koma á óvart“. Hann hvetur lesendur þeirra til að „leyfa orðunum að fleyta sér áfram“, svo þeir megi „steypa á ákallandi heftinni, sem magnast í þögninni.“<sup>1</sup>

Ljóðið sem hér birtist í íslenskri þýðingu er úr næstsíðasta ljóðasafni Moro, Andstreymi (sp. *Contracorriente*, 2017), en fyrir safnið hlaut hún alþjóðlegu Pilar Fernández Labrador verðlaunin, sem

---

1 Úr dagblaðinu *Diario las Américas*, 22. mars, 2018: „...Sus poemas tienen una especial capacidad de sorprender: [...]Hay que dejarse arrastrar por las palabras, por los versos que urden una trama intensa de furia, de mucha furia, circundada por el misterio que emana del silencio” (án bls. tals).

veitt eru af borgaryfirvöldum Salamanca-borgar á Spáni.<sup>2</sup> Í umsögn dómnefndar segir: „ljóð Moro bera áttakasögu Kúbu vitni, auk þess að hverfast um útleigð, minningar og það að endurheimta glataðan veruleika“.<sup>3</sup>

---

2 Sérstaka viðurkenningu hlaut á sama tíma Paura Rodríguez Leytón (1973), frá Bólivíu.

3 Úr dagblaðinu *Diario las Américas*, 22. mars, 2018: „poesía marcada por los conflictos de la historia cubana, por el exilio, por la memoria y por la recuperación de ese mundo perdido“ (án bls.tals). Til frekari upplýsinga um efnistöð og stíl Moro í *Andstreymi* sjá: <http://salamancartvaldia.es/not/169016/extrana-poesia-lilliam-moro/>